

# STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1977

29. mars 1977.

253

Nr. 160.

## GJALDSKRÁ fyrir Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr./kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
<b>A-LÝSING</b>				
A.1.	Með fastagjaldi .....	11.60	0.63/m <sup>2</sup>	230/m <sup>2</sup>
A.2.	Án fastagjalds .....	42.10		
<b>B-HEIMILI OG VINNULJÓS</b>				
B.1.	Heimilisnotkun .....	9.84	2.77/herb.	1 011/herb.
B.2.	Húsbýggingar og Akraneshöfn .....	21.95		
<b>C-VÉLANOTKUN</b>				
C.1.	Með fastagjaldi .....	11.60	8.19/kW	2 989/kW
C.2.	Matvælaíðnaður (rafsuða) .....	8.71		
C.3.	Stórnotkun .....	3.36	31.02/kW	11 322/kW
<b>D-HITUN</b>				
D.1.	Án rofs .....	6.03		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag .....	3.64		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst á dag .....	3.38		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag .....	2.71		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag .....	1.91		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag .....	2.21		
<b>E-ANNAÐ</b>				
E.1.	Sérsamningar .....			
E.2.	Götu- og hafnarlýsing .....			
E.3.	Lokun og endurofnun veitu .....	1 624		
<b>MÆLA- OG ROFALEIGA</b>				
10	Einfasa .....	0.96	350	
11	Einfasa með rofa .....	6.44	2 350	
20	Þrífasa .....	3.29	1 200	
21	Þrífasa með rofa .....	8.77	3 200	
24	Þrífasa með 2 rofum .....	11.65	4 252	
30	Þrífasa með aflmæli .....	8.90	3 248	

**Ákvæði og skýringar með töflu I.****A. Lýsing.**

- A.1. Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfplatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fastagjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar

**B. Heimili og vinnuljós.**

- B.1. Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5m<sup>2</sup> reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25m<sup>2</sup> skal reikna hverja byrjaða 25m<sup>2</sup> sem herbergi.
- B.2. Til véla og vinnuljós, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast þá við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% af ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x35 A og 3x63 A, 220 V.

**C. Vélar.**

- C.1. Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og til gisti- og veitingahúsa.
- C.2. Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett rafafli fastra vinnuvéla er yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegi á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.
- C.3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kilóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli mælt í 15 mínútur.

**E. Annað.**

- E.1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E.2. Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu álitni Rafveitunefndar.
- E.3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun samkvæmt þessum lið.

Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu, skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

**MÆLA- OG ROFALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.8 er rafveitunni heimilt að miða notkun við volt-ampér (VA).

**D. Hitun.**

- D.3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D.6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu miðast verðið við útsöluverð dísel-olíu á hverjum tíma.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- Að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- Að notkun sé eigi minni en 6000 kwst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kwst á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- Að notendur fái skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

**TAFLA II. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m. Kr.
	220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.		
2.1 .....	2x60	1x60	13	22 550.00
2.2 .....	3x60	2x60	22	31 692.00
2.3 .....	3x100	3x60	38	45 453.00
2.4 .....		3x100	66	74 854.00
2.5 .....	3x200		76	85 151.00
2.6 .....	3x350	3x200	132	139 672.00
2.7 .....		3x350	231	238 680.00
2.8 .....	Vinnuljósaheimtaugar (hús í byggingu)			8 232.00

**TAFLA III. Tenging við veitukerfið (spennistöð).**

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
3.1	150	158 500.00
3.2	300	317 000.00
3.3	500	504 000.00
3.4	750	748 500.00

**ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU II OG III.**

- a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu eða stíg, stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig:  $Y_j = (1760 + 13 \times \text{kVA})$  kr. m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana  $Y_j = (488 + 9 \times \text{kVA})$  kr. m. að viðbættum kr. 14 813 á hvern stólpa í umfram-línu.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádragnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort-tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð.
- d. Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í framangreindum verðum þessarar gjaldskrár, nema á D liðum (hitun) sem eru undanþegnir þessum gjöldum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 264 30. júní 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1977.*

**F. h. r.**

**Árni Þ. Árnason.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Borgarness.**

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. Orkueining: kílówatt-stund = kwst. Afleining: kílówatt = kw.

Frá og með 1. apríl 1977 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 10.40 kr.

**I. KAFLI****RAFMAGNSSALA**

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir: